

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Leyndardómar

Næsti Pési kemur út .10. apríl 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 7.apríl.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Leikskólastjóri	5
Leyndardómar	8
Fjalla-Eyvindur	11
Smárafréttir	12
Leiksyning	13
Leikskólinn	14

Mars 2014

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 280 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN



Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Priðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna! ☺

Vinsamlegast athugið!

Bókasafnið verður lokað frá og með miðvikudeginum 26. mars til og með miðvikudeginum 2. apríl.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>




Sveitarstjórapistill

Marsmánuður er kominn í stað skrýtins febrúar. Það er eflaust nokkuð einstakt að einn mánuður sé nánast úrkomulaus og ef maður vildi láta blása á sér hárið þá eigi maður einfaldlega að snúa sér í norðaustur.

Hefðbundnar hátíðir líða hjá og hjónaballið stóðst allar væntingar. Það er alltaf jafn gaman að sjá hvað hjónaballsnefndin leggur mikið á sig til að gera góða skemmtun og rýna í samfélagsspegilinn. Önnur hátíð, sem á nú reyndar að standa allt árið, er 300 ára afmæli Fjalla-Eyvindar. Ég hvet alla til að mæta á leiksýninguna sem Komedíuleikhúsið er með um ævi karlsins sunnudaginn 16. mars nk. kl. 14:00. Verkið er einþáttungur sem búið er að sýna annars staðar við góðan orðstý. Ýmislegt annað hefur verið rætt um, t.d. að skera Eyvind og Höll út í aspartré við Hryggjarholtið, Samansafnið á Sólheimum ætlar að koma upp Fjalla-Eyvindarhorni og svo er stefnt að málþingi næsta haust. Ég vil hvetja fólk og fyrirtæki til að nýta sér þetta afmælisár til að njóta viðburða eða þá eftir atvikum skapa þá með það í huga t.d. að geta selt ferðamanninum Fjalla-Eyvindar þjónustu. Þá er ég ekki að tala um að stela frá ferðamanninum heldur selja honum eitthvað sniðugt og skapandi.

Ýmis mál tengd stjórnslunni hafa verið í gangi. Sveitarfélagið er búið að gera samning við Landgræðslufélag Hrunamanna um samstarf og koma þessu góða starfi í varanlegri búning. Gaman að segja frá því að Björgunarfélagið Eyvindur er að bæta aðstöðu sína í Björgunarfélagshúsnæðinu, m.a. til að geta þjónað betur því hlutverki sínu að vera varastöð Almannavarna Árnessýslu. Sveitarfélagið sá sér því tækifæri þar sem það var að endurnýja „prentsmiðju“ sína á hreppsskrifstofunni að gefa Björgunarfélaginu gömlu ljósritunarvélina í aðstöðuna.

Skipulagsmál hafa verið áberandi og nú er sveitarstjórn búin að samþykkja nýtt deiliskipulag fyrir miðsvæði Flúða sem fer núna í auglýsingu. Ef fólk tekur því vel verður það vonandi komið í gildi í vor. Þá er deiliskipulag fyrir Lambatanga og Vesturbæ Flúða að verða klárt til afgreiðslu þannig að vondandi verða þessi mál komin í gott horf í sumar. Sundlaugarnefnd hefur lokið störfum í bili og ákveðið hefur verið að skipa þverfaglegan vinnuhóp til að hanna og þróa sundlaug og sundlaugarmannvirki á svæði við ípróttahúsið skv. nýju miðbæjarskipulagi. Það er gott að byrja á þeim enda, vanda hönnun verksins og fá góðar hugmyndir þó framkvæmdir verði kannski að bíða eftir því að fjármagn sé klárt.



Búið er að undirrita samning við Gröfutækni vegna gatnagerðar í Hofatúni en þeir voru þeir einu sem buðu í verkið. Stefnt er að fundi fljótlega með íbúum til að kynna verkið og álagningu gatnagerðargjalda en framkvæmdir hefjast vonandi um leið og klaki er farinn úr jörðu. Verðkönnun hefur farið fram með verktökum vegna jarðvinnu við íþróttahús þar sem Fögrusteinar komu með besta verðið og á verkinu að vera að mestu lokið um miðjan apríl ef áætlanir ganga eftir. Þá hefur verið ákveðið að ganga til samninga við Límtré-Virnet um framleiðslu á sperrum og yleiningum vegna viðbyggingar íþróttahússins og áhaldageymslunnar.

Sveitarfélagið hefur samþykkt að láta vinna atvinnustefnu fyrir Hrunamannahrepp og hann Finnbogi Alfredsson hjá SASS mun stjórna þeirri vinnu. Þetta er spennandi verkefni, bæði að rýna sjálf í möguleika í stöðunni og fá ytri rýningu á málið. Í Þésanum er auglýst eftir áhugasömum einstaklingum til að vinna að þessu verkefni með okkur, allt undir stjórn Finnboga. Hvet fólk eindregið til að gefa kost á sér í þetta.

Nú er ljóst að Halla leikskólastjóri ætlar að snúa til baka í kennslu í Flúðaskóla og hefur staða leikskólastjóra verið auglýst laus til umsóknar. Halla hættir nú ekki fyrr en í sumar en vonandi fáum við góðar umsóknir í þetta mikilvæga starf.

Þá hefur verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefnd og hlaut hnossið Unnsteinn Eggertsson. Þá hefur einnig verið skipaður ruslamálaráðherra fyrir 2014 og ráðherratítilinn hlaut þetta árið hún Sigrún Pálsdóttir. Ég hlakka til samstarfsins við þessa ágætu einstaklinga um þessi góðu og þörfu málefni.

Hafið það sem allra best.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

**"Okkur vantar aðstoð í Gistiheimilinu í Syðra Langholti í sumar,
þarf að geta unnið sjálfstætt"**
Upplýsingar hjá Vigdisi í síma : 861 6652

Leiksýningin Unglingurinn í Aratungu 22. mars Síðasta sýning á Suðurlandi!



Við komum með Unglinginn til ykkar!

Unglingurinn er frábært nýtt leikverk sem er samið og leikið af unglungum.

Sýningin hefur slegið í gegn.

UNGLINGURINN er drepfyndið leikrit en á sama tíma mjög einlægt og tekur á öllum helstu málum sem brenna á unglungum í dag. Þó að verkið sé um unglunga er það ekki síður skemmtilegt fyrir foreldra og systkini.

Þetta er tilvalin samverustund fyrir alla fjölskylduna þar sem hláturtaugarnar eru kitlaðar og foreldrar fá smá fræðslu í unglungamálum!

**Midar fást á midi.is og á staðnum eða í síma 565
-5900**

**Midaverð 2.500 kr., afsláttur veittur þegar pantad er
fyrir 16.mars (símléiðis)**

Sunnudagur 22. mars kl. 17.00
Aratunga

Finnið okkur á Facebook: [www.facebook.com/
unglingurinn](http://www.facebook.com/unglingurinn)



Hrunamannahreppi

Staða leikskólastjóra í Undralandi á Flúðum

Í Hrunamannahreppi er laus staða leiksskólastjóra leikskólans Undralands.

Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum. Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.

Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Fagleg forysta og forysta í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 35-40 nemendur í þremur deildum.

Sjá nánar á <http://www.undraland.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 780 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfssemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf.

Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stöðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum.

Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 31. mars n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sumarið 2014. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið jon@fludir.is.

Tilboð á Josera Supramil kálfamjólkurdufti á meðan birgðir endast

Þú kaupir 10 poka af Supramil kálfamjólkurdufti og færð 11. pokann frían



Verð pr/líter af
kálfamjólki
kr. 39,- án vsk.*

*Verð miðast við 140 gr í líter af vatni
= 125 gr. l/mjólki og er án vsk

Heyrúlluskeri plast- og netskrælari

Cashels heyruúlluskeri sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.




Sterkur - Öflugur - Léttur

P4 Rapid beidslisprófið

P4 Rapid er eitt fyrsta beidslisprófið sem nýtir háþróaða tækni til að greina með mjög nákvæmum hætti beidslu hjá kúm.

- Gefur 98% nákvæmni við að greina beidslu
- Greinir misheppnaða sæðingu á 19. – 23. degi.
- Hindrar að sætt sé á röngum tíma
- Hindrar sæðingu ef kýr eru með fangi
- Kemur í veg fyrir ranga burðardagsetningu
- Nauðsynlegt hjálpartæki í básafjösum
- Eykur framleiðni í fjösinu
- Mjög einfalt í notkun
- Lítil tilkostnaður
- Auðveldar greiningu á dulbeidslu



Tilboð á sagi

Þú kaupir tíu balla af sagi og færð tvo balla fría

Tilboðsverð pr/balli
kr. 1.560 án/vsk



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Sáðvörulistinn 2014

Grasfræ	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Vallarfoxgras	Vega	25-30	25	
Vallarfoxgras	Grindstad	25-30	25	
Vallarfoxgras	Tuukka	25-30	25	
Vallarsveifgras	Sobra	18-20	25	
Túnvingull	Gondolin	20-25	18	
Hávingull	Pradel	20-25	25	
Stólpablanda I	Fyrir kýr	25-30	25	
Stólpablanda II	Fyrir fé og beit	25-30	25	
Stólpablanda III	Uppskerublanda	25-30	25	

Grænfóðurfræ	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Fjölært rýgresi	Calibra	35	25	
Sumarrýgresi	Barspectra	35	25	
Sumarrýgresi	Jivet	35	25	
Vetrarrýgresi	Barmultra	35	25	
Vetrarrýgresi	Jeanne	35	25	
Sumarrepja	Pluto	15	25	
Vetrarrepja	Barooli	10-12	25	

Belgjurtir	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Ertur	Ingrid	200-225	40	
Hvítsmári	Rivandel	5 - 6	10	
Rauðsmári	Justin	5 - 6	10	

Hafrar	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Grænfóðurhafrar	Domenic	180-200	40	
Hafrar til þroska	Cilla	180-200	30	

Bygg til þroska	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Bygg 6 raða	Voitto	180-200	30/700	
Bygg 6 raða	Aukusti	180-200	30/700	
Bygg 2 raða	Filippa	180-200	700	

Innihald í blöndum

Stólpablanda I

60% Vallarfoxgras Tuukka
25% Vallarfoxgras Tenho
10% Vallarsveifgras Baron
5% Fjölært rýgresi Barpasto

Stólpablanda II

50% Vallarfoxgras Tuukka
20% Vallarfoxgras Tenho
30% Vallarsveifgras Baron

Stólpablanda III

40% Vallarfoxgras Tuukka
20% Vallarfoxgras Tenho
30% Hávingull Pradel
10% Fjölært rýgresi Barpasto

Ertandi fróðleikur



Ertur (*Pisum sativum*)

Landstólpi hefur í nokkur ár flutt inn ertufræ og það hefur gefið góða raun að sá hálfu sáðmagnni af ertum (80 - 100 kg) með fullum skammti af grasfræ. Með því fæst gríðarmikil uppskera og sérlega steinefnaríkt fóður.

Voitto 6 raða korn

Snemmsprottið sex raða korn sem gefur mikla uppskeru í góðu ári og meðalgóðu ári. Voitto er með framúrskarandi korngæði og háa þúsund koma þyngd.

Aukusti 6 raða korn

Snemmsprottið sex raða korn sem gefur mikla uppskeru í góðu ári og meðalgóðu ári. Aukusti gefur háa þúsund koma þyngd og góð korngæði.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Leynardómar Suðurlands – tveir ráðherrar opna 28. mars Framundan er umfangsmikið kynningarátak á Suðurlandi þar sem ferðþjónustufyrirtækjum, matvælaframleiðendum, félögum, fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum og öllum öðrum áhugasömum er boðið að taka þátt í. Átakið kallast „Leynardómar Suðurlands“ og mun standa yfir frá föstudeginum 28. mars til sunnudagsins 6. apríl nk. Það eru Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Markaðsstofa Suðurlands, sem standa fyrir verkefninu.

Ráðherrar opna

Ráðherrar Suðurkjördæmis, þau Ragnheiður Elin Árnadóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson munu opna leynardómama formlega föstudaginn 28. mars kl. 14:00 við Litlu kaffistofuna. Frá þeim tíma verður öllum landsmönnum og erlendum ferðamönnum, sem staddir eru á landinu boðið að koma á Suðurland og taka þátt í fjölbreyttum viðburðum þessa 10 daga sem átakið stendur yfir.

Frítt í Strætó

Rúsínan í pylsuendanum á Leynardómum Suðurlands er frítt í Strætó frá Reykjavík á Suðurland og á öllum leiðum innan svæðisins. Strætó er með mjög öflugt leiðakerfi á Suðurlandi þar sem hægt er að komast til allra átta án þess að borga krónu á meðan leynardómarnir standa yfir.



Sudurland.is

Áður en Leynardómar Suðurlands skella á verður búið að opna nýja og glæsilega heimasíðu, www.sudurland.is þar sem allir viðburðir leynardómanna verða kynntir. Þá verður gefið út sérstakt viðburðardagatal sem verður sent inn á öll heimili á Suðurlandi með upplýsingum um helstu viðburð.

Dæmi um atburði

Markmiðið með átakanu er að kynna sem mest af Suðurlandi og fá sem flesta gesti til að heimsækja Suðurland. Megininntakið í átakanu er Matur – Saga – Menning. Hér er því kærkomið tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið og koma öllum leynardómum Suðurlands á framfæri. Dæmi um atburði þessa daga gætu verið tilboð á veitingastöðum, tveir fyrir einn í gistingu, ókeypis í sund, listsýningar, tónleikar, skemmtanir, tilboð á sunnlenskum vörum, lengdur opnunartími verslana, tilboð í afþreyingu, opin hús víða í fjórðungunum og fleira og fleira. Verkefnið er með sérstaka fésbókarsíðu, „Leynardómar Suðurlands“ þar sem upplýsingar um verkefnið koma reglulega inn.

Magnús Hlynur Hreiðarsson, kynningarstjóri Leynardóma Suðurlands (mhh@sudurland.is)





Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í
mars og apríl sem hér segir:

Föstudaga kl. 17.00 til 20.30.

Laugardaga og sunnudaga kl. 12.00 til 20.30.

Verið hjartanlega velkomin!

Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli

Sími 486-6454/891-7811/661-5935

Heimasíða: www.kaffisel.is

Netfang: info@kaffisel.is



Tamningar og þjálfun

Tek að mér tamningar

og þjálfun hrossa.

Ragnheiður Hallgrímsdóttir

Sími: 8490847

netfang: sesarcute@hotmail.com

Atvinnustefna Hrunamannahrepps

Viltu vera með í mótun hennar?

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps leitar eftir áhugasömu fólki til að taka þátt í mótun atvinnustefnu fyrir Hrunamannahrepp undir handleiðslu atvinnurágjafa frá SASS.

Hluti af þeirri vinnu eru vinnufundir með fólki úr samfélaginu sem miðar að því að greina alla hugsanlega möguleika til atvinnuþróunar og nýsköpunar í sveitarfélaginu.

Við óskum því eftir fólki úr öllum atvinnugreinum og áhugamönnum á þessu sviði sem vilja taka þátt vinnuhópum þegar að því kemur.

Áætlað er að hefja starfið nú í mars.

Vinsamlega hafið samband við undirritaðan í síma 480-6600 eða með pósti á netfangið jon@fludir.is.

Fyrir hönd sveitarstjórnar

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri

Í tilefni “leyndadóma Suðurlands,, veður opnuð sýning á Samansafninu á Sólheimum í Hrunamannahreppi, um Fjalla-Eyvind og Höllu en Fjalla-Eyvindur á 300 ára fæðingarafmæli í ár. Á sýningunni verða til sýnis hlutir eins og Fjalla-Eyvindur bjó til og æviferli þeirra hjúa gerð skil í myndrænu formi sem Hjörtur Þórarinsson hefur tekið saman og gefið út í riti sem verður til sölu á Samansafninu. Sýningin opnar 28. mars kl. 13.00. Hjörtur stefnir á að mæta á opnun sýningarinnar og segja frá þeim hjúum.

Opið verður á Samansafninu frá 28. mars og áfram í allt sumar alla föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá 13.00-17.00.

Á öðrum tíma er opið eftir samkomulagi.

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps 2014

Aðalfundur félagsins verður haldinn mánudaginn 31. mars kl. **20:00** í Félagsheimili Hrunamanna.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosið verður um:

formann – sitjandi formaður gefur ekki kost á sér til endurkjörs fulltrúa á sambandsþing - ávallt kosinn um leið og formaður meðstjórnendur – kosnir á hverju ári.

Meðstjórnendur eru: Hanna Lára Bjarnadóttir, Lára Hildur Þórsdóttir, Kolbrún Sveinsdóttir.

Kolbrún Sveinsdóttir biðst undan endurkjöri.

Kjörnefnd vinnur að undirbúningi vegna kosninga og leitar eftir framboðum.

Vinsamlegast komið framboðstillögum til kjörnefndar hið fyrsta.

Kjörnefnd skipa: Ásdís Bjarnadóttir, formaður, Auðbjörg Lilja Lindberg og Ólóf Guðnadóttir.

Kjörnefnd mun birta nöfn þeirra er bjóða sig fram til starfa í stjórn á Facebook-síðu félagsins og með bréfi á póstlista. Jafnframt verður aðalfundur auglýstur nánar með dreifibréfi þar sem allar upplýsingar munu koma fram.

Tillögur að lagabreytingum berist til stjórnar í síðasta lagi 24. mars.

Mætum og tökum þátt í uppbyggilegu og gefandi félagsstarfi.

Vonumst eftir góðri fundarsókn.

Allar konur velkomnar.



Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps

Anna Kr. Ásmundsdóttir, formaður

Ingibjörg Steindórsdóttir, ritari

Helena Eiríksdóttir, gjaldkeri

Leiksýningin Fjalla -Eyvindur

Fjalla-Eyvindur er nýjasta leikrit

Kómedíuleikhússins og var frumsýnt í lok síðasta árs. Leikurinn hefur fengið afar góðar viðtökur enda er hér um að ræða sögulega sýningu um mikinn kapp. Fjalla-Eyvindur var í útleið í ein fjórtíu ár á hinni myrku og erfiðu átjándu öld. Hann fór víða m.a. til Vestfjarða þar sem hann kynntist lífsförunauti sínum henni Höllu úr Jökulfjörðum. Slík var ástin að hún fór með honum í útleiðina og voru þau á flakki um landið í tvo áratugi. Þó um háalvarlega sögu sé að ræða þá er leikritið Fjalla-Eyvindur létt og skemmtilegt stykki.

Jafnvel bara gamanleikur. Enda er nú gamanleikurinn jafnan sterkasta vopnið í harmleiknum.


Verkið verður nú sýnt í heimabyggð en Eyvindur er fæddur í Hlíð í Hrunamannahreppi.

Sýningin verður í Félagsheimili Hrunamanna sunnudaginn 16. mars kl 14.

Miðaverð er 1000 kr fyrir fullorðna og 500 kr fyrir börn að 16 ára aldri.

Miðar verða seldir við innganginn.

Hlökkum til að sjá ykkur Ferða- og menningarmálanefnd Hrunamannahrepps.



Takk Hrunamenn og aðrir viðskiptavinir fyrir móttökurnar.

**Gistihúsið Flúðum
Kaffi Grund**



**Opið fimmtudaga og föstudaga kl. 18:00 – 21:00,
laugardaga og sunnudaga kl. 11:30 – 21:00.**

Boltinn, hestaíþróttir og fleira í beinni.

Helga og Sverrir



Smárafréttir

MARS 2014



Annað Vetrarmót Smára

verður haldið **15. Mars** á svæði félagsins í Torfdal á Flúðum.

Mótið hefst klukkan 14:00 og tekið verður við skráningum á staðnum frá kl 13:00

Kept verður í eftirfarandi flokkum:

Pollaflokk (9 ára og yngri)

Barnaflokk (10-13 ára)

Unglingaflokk (14-17 ára)

Ungmennaflokk 18-21 árs)

I og II flokk fullorðinna

Unghrossaflokk (hross fædd 2009 og 2010)

**Skráningargjald er 1000kr fyrir
hverja skráningu og greiðist á
staðnum. Frjár skráningar í Barna
og Pollaflokk.**

ATH. EKKI POSI Á STAÐNUM.

Þetta er annað mótið af þrem í vetur og mótið mun fara fram með svipuðum hætti og síðast, unghrossaflokkur mun þó fara fram á hringvellingum eins og aðrir flokkar. Eigandi hests og knapi þurfa að vera virkir félagsmenn í Smára svo þáttaka sé gild.

Vonumst til að sjá sem flesta, komum saman og gerum okkur glaðan dag 😊

ÞAÐ SEM M.A. ER FRAMUNDAN :

28 MARS FIMMGANGUR UPPSVEITAEILD

5 APRÍL 3 VETRARMÓT

APRÍL ÆSKAN OG HESTURINN

16 APRÍL SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA

19 APRÍL UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

25 APRÍL TÖLT OG SKEIÐ UPPSVEITAEILD

1 MAÍ FIRMAKEPPNI

MAÍ HESTHEIMAFERÐ

4 MAÍ UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

MAÍ/JÚNÍ BYRJENDANÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN

22 JÚNÍ BROKK OG SKOKK

ÁGÚST SUMARBÚÐIR SMÁRA

SEPT/OKT HAUSTFERÐ ÆSKULÝÐSNEFNDAR

*Týmatöflu
og dagskrá má
finna inn á
smari.is*

*Fylgist því vel
með, atburðir geta
færst til eða nýjir
komið inn !*

Urslit frá fyrsta vetrarmóti sem fór fram 15. febrúar

Þáttaka var góð þrátt fyrir kulda. Mótanefnd þakkar þáttakendum og áhorfendum fyrir skemtilegan dag :)

Pollar:

Eyrún Hjálmarsdóttir/Krækja frá Króki 23v

Börn:

1-2 Þorvaldur Logi Einarsson/Glóð frá Miðfelli 6v

1-2 Þórey Þula Helgadóttir/Bráinn frá Reykjavík 13v

Unglingar:

1. Hekla Salóme Magnúsdóttir/Tinna frá Blesastöðum 6v

2. Viktor Máni Sigurðsson/Muggur frá Kaldbak 5v

3. Helgi Valdimar Sigurðsson/Hugnir frá Skollagróf 9v

Ungmenn:

1. Eiríkur Arnarsson/Kráka frá Sóleyjarbakka 6v

2. Björgvin Ólafsson/Sveipur frá Hrepphólum 7v

3. Sigurbjörg Bára Bjömsdóttir/Eining frá Vorsabæ 8v

4. Gunnlaugur Bjarnason/Jóra frá Húsatóftum 6v

5. Björgvin Víðar Jónsson/Spá frá Álftarósi 11v

6. Guðjón Hrafn Sigurðsson/Sóley frá Syðri-Hofdölum 8v

7. Guðjón Örn Sigurðsson/Gerpla frá Skollagróf 5v

II Flokkur:

1. Rosemarie Þorleifsdóttir/Fursti frá V-Geldingaholti 11v

2. Sigfús Guðmundsson/Vonameisti frá V-Geldingaholti 7v

3. Kari Torkildsen/Hylling frá Steinsholti 2 7v

I Flokkur:

Þór Steinsson/Eyrún frá Blesastöðum 7v

(keppti sem gestur og hlaut því ekki sæti)

1. Jón William Bjarkason/Framsókn frá Litlu-Gröf 8v

2. Berglind Ágústsdóttir/Rein frá Blesastöðum 1A 7v

3. Erna Óðinsdóttir/Þöll frá Hvammi 1 7v

4. Bjarni Birgisson/Andrá frá Blesastöðum 2 9v

5. Magga S. Brynjólfsdóttir/Hula frá Túnsbergi 6v

6. Einar Logi Sigurgeirsson/Krapi frá Miðfelli 6v

7. Helgi Kjartansson/Þótti frá Hvammi 1 6v

8. Gunnar Eiríksson/Konsert frá Túnsbergi 6v



Unghrossaflokkur:

1. Ragnar Sölvi Geirsson

Mökkur frá Efra-Langholti 5v

2. Bjami Birgisson

Kvika frá Blesastöðum 2 5v

3. Berglind Ágústsdóttir


Hera frá Efra-Langholti 5v



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR



REIÐNÁMSKEIÐ OG FLEIRA ...



Hæ krakkar!

Gaman að sjá hvað þið eruð orðin dugleg að æfa og þjálf!

Nú er reiðnámskeiðið með Gunnu komið á fullt og undirbúningur hafinn fyrir

Uppsveitadeild Æskunnar. Rúmlega 20 börn og unglingar frá Smára, Loga og Trausta eru skráð til keppni og viljum við endilega hvetja alla til að koma og klappa fyrir þessum duglegu ungu knöpum okkar!

Fyrir þau sem eru skráð til keppni, verið í sambandi við Guggu á netfangið asatun@simnet.is til að skrá í greinar og skipuleggja æfingatíma. Við erum búin að taka höllina frá fyrir ykkur til æfinga og svo mun Gunna einnig mæta til að fara yfir prógrammið með ykkur.

Fyrsta keppnin er laugardaginn 8. mars og byrjum við á þrígangi barna og fjórgangi unglinga. Knapafundur verður stundvíslega klukkan 12:00 og keppnin sjálf hefst 12:30. Við byrjum á forkeppni í þrígangi og svo strax á eftir forkeppni í fjórgangi. Eftir hlé hefjast svo B-úrslit barna, B-úrslit unglinga svo A-úrslit barna og A-úrslit unglinga.

Að þessu sinni höfum við ákveðið að breyta aðeins reglum í stökki í úrslitum barna. Nú stökkva þau ekki ein í úrslitum heldur þeir sem eru í 4. og 5. sæti stökkva saman og þau sem eru í 1. til 3. sæti stökkva saman þetta á við um bæði A og B úrslit.



Sjáumst hress 8. mars til að keppa eða klappa



En það er fleira á döfinni en Uppsveitadeildin.

- *Hestadagar í Reykjavík verða haldin 3.-6.apríl og hér er linkurinn að dagskránni: <http://www.lhhestar.is/is/vidburdir/hestadagar/dagskra>*
- *Hestafjör verður í Sleipnishöllinni þann 13.apríl. EN meira um þetta seinna!*

Minum á Reiðnámskeið með Gunnu 9. og 16. mars og 29. og 30. mars

*Viljum við biðja foreldra um að ganga frá greiðslu fyrir námskeiðið inn á reikning 325-26-39003 kt. 431088-1509 og senda kvittun á mmelkorka@hotmail.com og er upphæðin **7.500 á barn**.*

Vinsamlegast athugið:

Æskulýðsnefndin ákvað að setja upp bara eitt verð fyrir alla í þetta skipti en ítrekar að skrá börnin í félagið, það skiptir miklu máli í úthlutun styrkja til félagsins hve mörg börn eru skráð. **Börn að 16 ára aldri borga EKKI félagsgjald.** Einungis þarf að senda email á smari@smari.is með nafn, kennitölu og heimilisfang. Kærar þakkir!

BESTU KVEÐJUR FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND





ATVINNA - ATVINNA
Meiraprófsbílstjóri óskast,
sem getur hafið störf í vor
Upplýsingar Unnar, sími 856-1580.



Gistiheimilið Flúðum—Grund

Ný símanúmer
565 9196 og 896 1286

gamlagrund@simnet.is www.gistingfludir.is



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



28.mars - 6.apríl

„Leyndardómar Suðurlands“

Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig til leiks. Skráning í kynningarátak SASS er í fullum gangi og nú líður að því að kynning á dagskránni fari af stað af fullum krafti í fjölmiðlum. Þeir sem hafa áhuga hafi samband sem allra, allra fyrst við ferðamálafulltrúa asborg@ismennt.is og 898 1957

Kynningarstjóri verkefnisins er Magnús Hlynur Hreiðarsson mhh@sudurland.is

Uppsveitakortið 2014

Árleg endurskoðun á Uppsveitakortinu er komin í gang.

Vinsamlegast hafið samband ef einhverjar breytingar eru á þjónustu.

Allar ábendingar vel þegnar asborg@ismennt.is eða 8981957

Saman gerum við gott kort betra. Kortið er m.a. að finna á www.sveitir.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Tækjasalur í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,
þegar mót eru í gangi.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Frítt í sund, 28.mars til 6.apríl. "Leynardómar Suðurlands"

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dómur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 21. mars 2014

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímamantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana

Hölsulind frá landnámi

Opið hús - Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna

Næsta Opna hús verður **miðvikudaginn 19. mars kl. 14:00.**
Stutt dagskrá.

Aðalfundur FEH verður 19. mars kl. 14:15 að loknu
Opnu húsi í Félagsheimili Hrunamanna.

Á dagskrá verða almenn aðalfundarstörf, kosningar og önnur
mál.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands
eldri borgara, verður gestur fundarins og segir okkur frá
starfi Landssambandsins.

Bestu kveðjur,
stjórnin

Á-listinn boðar til fundar vegna sveitarstjórnakosninganna í vor. Allir eru
velkomnir sem vilja starfa með Á-listanum að málefnskrá og uppröðun á
lista til framboðs í vor. Fundurinn verður haldinn á Útlaganum
mánudagskvöldið 24. mars kl. 20,30.

Á-listinn.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM


SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14



Ferðir alla virka daga milli
Reykjavíkur, Hveragerðis,
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,
Stökkseyrar, Selfoss,
Helli, Hvolsvallar og
DREIFBÝLIS Í ÁRNESSÝSLU



Nesfrakt
Héðinsgötu 1-3 - Rvk.
Sími 533 2211

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.
Sími 486 6633

**Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við
almenn afgreiðslustörf.
Helst ekki yngri en 18 ára.
Æskilegt að umsækjandi sé reyklauss og reglusamur.**

Upplýsingar í síma 774 5437,
fludir@samkaup.is og á samkaup.is

fludir@samkaupstrax.is

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Fræðslunetið

Símenntun á Suðurlandi



Vorönn 2014

Raunfærnimat er ferli þar sem færni og þekking á ákveðnu sviði er metin, s.s. af starfi, námi eða félagsstörfum. Markmiðið er að einstaklingar fái færni sína metna til framhaldsskólaeininga.

Á vorönn verður raunfærnimat hjá Fræðslunetinu sem hér segir:

- ♦ **Skrifstofufærni** - kynning þriðjudaginn 18. mars kl. 17.30
- ♦ **Hestamennska** - kynning mánudaginn 24. mars kl. 19.30
- ♦ **Stuðningsfulltrúar og leikskólaliðar**
kynning fimmtudaginn 27. mars kl. 18
- ♦ **Garð-, skógarplöntuframleiðsla og ylrækt**
kynning fimmtudaginn 3. apríl kl. 17

**Kynningarfundir fara fram í Fjölheimum
við Bankaveg á Selfossi í stofu 205**

Allar nánari upplýsingar veita:

Sólveig solveig@fraedslunet.is sími 560 2036
og **Eydís Katla** eydis@fraedslunet.is sími 560 2033

RAUNFÆRNIMAT